

*Efni: Umsögn um þingskjal 122 — 122. mál. 154. löggjafarþing 2023–2024, „Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka.“*

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) telur að sú þjónusta sem við öll viljum hafa aðgengilega, faglega og örugga í framhaldi af andláti einstaklings eigi sér í dag ekki skýra stöðu í lögum, hvað varðar það hver ber ábyrgð á slíkri þjónustu. Stjórnin byggir þetta á þeirri reynslu að á vegum HSA hefur slíkri þjónustu verið sinnt á Austurlandi til áratuga og það gert í samræmi við hefð, en að við teljum án skýrrar lagastoðar. Vegna breyttrar nýtingar húsnæðis, mönnunarmála og af fleiri ástæðum þá hefur innan HSA verið rætt um að þessi þjónusta ætti mögulega frekar að vera á hendi annarra en HSA. Því fagnar framkvæmdastjórn þessari tillögu til þingsályktunar og telur þörf fyrir stofnun svona starfshóps í þeim tilgangi sem nefnt er í tillögunni.

Með kveðju,

Guðjón Hauksson  
Forstjóri  
Heilbrigðisstofnun Austurlands  
Lagarási 22, 700 Egilsstöðum